

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Skorradalshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti hreppsnefnd Skorradalshrepps þann 22. júní 2010 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi Dagverðarness í Skorradal, svæði 1, lóð nr. 19 við Dagverðarnes.

Einungis er um að ræða breytingu á skipulagsskilmálum er varða hámarksbyggingarmagn á lóðinni. Leyfilegt hámarksbyggingarmagn er 60 m², en er eftir breytinguna 80 m².

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti hreppsnefnd Skorradalshrepps þann 9. desember 2009 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi Dagverðarness í Skorradal, svæði 4, lóð nr. 204 við Dagverðarnes.

Breytingin felst í að hámarksflatarmál fristundahúss og gestahúss verður 125 m² í stað 60 m².

Framangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Skorradal, 15. september 2010.

F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps,

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.